

Námstækni Ritgerðarsmið og skýrslugerð

Þrjú stig ritgerðarvinnu


- Undirbúningur
 - Búum til beinagrind
- Frumdrög
 - Þar sem maður safnar öllu sem maður getur um efnið
- Hreinritun og frágangur
 - Vingsum úr því sem maður vill hafa

Byrjaðu á þessu:

- Gerðu tímasetta vinnuáætlun þar sem vinnunni er skipt í afmarkaða undirþætti

Undirbúningsvinna

- Skoðaðu möguleg ritgerðarefni og safnaðu hugmyndum á eitt blað með hugstormun (þankahríð)
- Veldu úr hugmyndunum og afmarkaðu efnið
 - Hver er tilgangur með ritgerðinni
 - Hverju ætlarðu að svara
- Skoðaðu lesefni sem tengist ritgerðarefninu til að fá yfisýn yfir efnið
- Veldu vinnuheiti og búðu til skjal/möppu í tölvunni



Hér er komið
uppkast að
inngangi

Undirbúningsvinna frh.

- Gerðu beinagrind (efnisyfirlit) yfir þætti sem þú vilt fjalla um.
 - Beinagrindin er vísir að kaflaskiptingu
 - Beinagrindin byggir á meginköflum ritgerða og undirköflum þeirra
 - Inngangur – þar er efnið kynnt
 - Meginmál – aðalumfjöllunin, kaflaskipt eftir lengd ritgerðar
 - Lokaorð – niðurstöður dregnar saman og sagt frá eigin afstöðu og skoðun
 - Notaðu lýsandi vinnuheiti fyrir undirkafla
 - Alltaf hægt að yfirfara kaflaheiti síðar

Frumdrög

- Veldu skráningarform sem þér finnst best: spjöld, ritvinnsluforrit, hugkortaforrit (t.d. Mind manager, Inspiration), powerpoint eða "OneNote" ..
- Byrjaðu að lesa vandlega
- Gerðu uppkast – skrifaðu óþvingað um efnið, þú lagar textann seinna
 - Þú mátt vinna sitt á hvað í köflunum eftir því hvað þú ert að lesa
 - Ágætt er að klára meginkaflann fyrst og síðan inngang og niðurlag

Frumdrög, frh.

- Taktu fram hvaðan heimild er
 - Aðgreindu þinn texta frá heimildum
 - Skoðaðu vel reglur um heimildir og heimildaskrá
 - Meðan ritgerð er í vinnslu er gott að nota t.d. mismunandi liti fyrir þinn texta og texta úr heimildum
- Skrifaðu með því hugarfari að lesandinn viti ekkert um efnið

Efnisyfirlit

- Þar eru allir aðal- og undirkaflar ritgerðarinnar nefndir með blaðsíðutali
- Oftast gert síðast
- Látið ritvinnsluforritin vinna það

Efni.	
Inngangur	bls. 6
A. Hugsunarfræði	— 7
I. Hugsunarlögmálin	— 8
II. Hugtök	— 10
III. Dómar	— 20
IV. Rökleiðslur	— 40
B. Þekkingarfræði	— 63
I. Tilgangur og eðli þekkingarinnar	— 64
II. Stig þekkingarinnar	— 70
III. Hinar vísindalegu aðferðir	— 78
IV. Takmörk þekkingarinnar	— 105
C. Um rökskekkjur og rangar staðhæfingar	— 111
Orðasafn	— 120

Inngangur

- Grípa (fanga) athyglina
- Almenn orð og gott að byrja vítt
 - Ef ritgerðin er um hjartaáfall er gott að byrja á líkamanum í heild og færa sig svo nær hjartanu
- Segja frá innihaldi ritgerðar
- Enda á rannsóknarspurningu
 - Hver er megin ástæða hjartaáfalls?

Meginmál

- Hér þarf að útskýra, lýsa og færa rök fyrir því efni sem valdið var
- Í lengri ritgerðum er meginmáli iðulega skipt upp í kafla
- Athugið að orðið meginmál á ekki að nota sem kaflaheiti
- Umfjöllun í meginmáli verður að vera í samræmi við þá efnisyfirlýsingu eða rannsóknarspurningu sem sett var fram í lok inngangs
- Mikilvægt er að skipta hverjum kafla í efnisgreinar sem verður að setja fram í rökréttri röð þannig að eitt leiði af öðru
- Hver efnisgrein fjallar um einn afmarkaðan þátt viðfangsefnisins

Lokaorð

- Lokaorðin binda endahnút á ritgerðina fyrir lesandann, draga saman niðurstöður úr henni og gefa lokasýn á efnið.
- Það eina sem þarf í góð lokaorð eru þrjár til fjórar málsgreinar sem þurfa ekki endilega að fylgja einhverri fyrirfram ákveðinni formúlu
- Farðu bara yfir aðalatriðin (en passaðu þig á að orða þau ekki alveg nákvæmlega á sama hátt aftur) eða lýstu tilfinningum þínum til efnisins í stuttu máli.
- Hér máttu nota eigin orð og eigin hugsanir „að mínu mati!!!“

Heimildaskrá

- Þar þurfa allar heimildir sem teknar voru fyrir í ritgerðinni að koma fram
- Nota heimildaskráningu sem kennari óskar eftir, t.d. APA
- Verða að koma fram eftir stafrófsröð höfunda
- Fram þarf að koma höfundur, nafn bókar, útgáfuár, staður og útgefandi
- Mjög mikilvægt er að passa að setja heimild strax inn, svo þær gleymist ekki

Hreinritun

- Lestu yfir textann með gagnrýnum augum
- Hugaðu að kaflaskiptingu, lengd kafla og heiti
- Þarf að bæta við, sleppa eða laga orðalag?
- Þarf að færa efni til í annan kafla eða er sama umfjöllun á tveimur stöðum?
- Gagnlegt er að lesa ritgerðina upphátt
- Fáðu einhvern til að lesa yfir
- Athugaðu stafsetningu og málfræði
- Geymdu ritgerðina í nokkra daga. Lestu aftur yfir

Frágangur

- Vandíð frágang, blöðin hrein og slétt
- Ef þú hefur myndir, hafðu þær í tengslum við efnið
- Á forsíðu: titill, nafn þitt, námsgrein, nafn kennara, skóli, dagsetning, ártal ..
- Efnisyfirlit ef ritgerð er löng
- Mundu eftir heimildaskrá aftast:
 - Heimildum er raðað í stafrófsröð eftir höfundum
 - Leiðbeiningar hjá kennurum og hér:
<http://www.upplysing.is/upplysingalaesi/index.htm>

Atriði fyrir vinnuáætlun/ tímaáætlun:

Byrjaðu á að dagsetja síðasta atriðið og rektu þig svo til baka í tíma:

Undirbúningsvinna

- Skoða ritgerðarefni – hugstormun
- Velja og afmarka efni ritgerðarinnar
- Finna lesefni og lesa
- Gera beinagrind (efnisyfirlit) ritgerðarinnar

Frumdrög

- Gera uppkast að öllum köflum
- Lesa betur, yfirfara og endurbæta
- Ganga frá lokadrögum. Muna-heimildaskrá

Hreinritun og frágangur

- Lesa vel yfir og huga að samfellu í texta
- Geyma ritgerð í nokkra daga
- Lesa aftur yfir og laga.
- Lokayfirlestur, uppsetning og frágangur

Dagsetning:

“

“

“

“

“

“

“

“

“

“

“

Skýrslugerð

- Skýrsla:
- **Inngangur** - Gerið grein fyrir tilgátunni sem sett er fram
- **Efni og tæki** - Gera skrá yfir efni og tæki sem notuð eru við mælingar
- **Framkvæmd** - Lýsið framkvæmd mælinga

Skýrslugerð frh.

- **Niðurstöður og úrvinnsla** - Hér á að birta niðurstöður mælinga, birtið niðurstöður í töflum, súluritum, línuritum o.s.frv.
- **Túlkun niðurstaða** - Fjallið um það hvort niðurstöður mælinga styðja tilgátuna eða ekki.
- **Skekkjur og mat** - Er möguleiki að skekkjur í mælingum geti haft áhrif á niðurstöður? Hvert væri æskilegt framhald tilraunar (athugunar)
 - Lokaorð